

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 936 (5.3.2020) - Frá sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs, beiðni um viðauka vegna langtímaveikinda á Krílakoti.

Málsnúmer : 202002083

Málsaðili : Dalvíkurbyggð

Niðurstaða (stutt) :

Fundardagur : 05.03.2020

Inngangur : Tekið fyrir erindi frá sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs, dagsett 25. febrúar 2020, þar sem hann óskar eftir viðauka við launáætlun á leikskólanum á Krílakoti vegna langtímaveikinda starfsmanns í þrjá mánuði. Ekki er gert ráð fyrir langtímaveikindum í launaáætlun fyrir fjárhagsárið 2020 og því ekki svigrúm inn í áætlun til að mæta þeim viðbótar kostnaði.

Óskað er eftir launaviðauka kr. 4.549.549 á deild 04140, Krílakot vegna ofangreinds, og að viðaukanum verði mætt með lækkun á handbæru fé.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum viðauka nr. 10 við fjárhagsáætlun 2020 að upphæð 4.549.549 kr við deild 04140, launaviðauki vegna langtímaveikinda á Leikskólanum Krílakoti. Viðaukanum verði mætt með lækkun á handbæru fé. Vísað til afgreiðslu í sveitarstjórn.